



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2020
2005048SA KB/vrb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf, 839 mál.

Frumvarp til laga um ferðagjöf, 839 mál, er nú til umfjöllunar í atvinnuveganefnd Alþingis. Ekki var óskað formlega eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en sambandið telur engu að síður ástæðu til að senda inn umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið er hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að efla efnahagskerfið og draga úr neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins. Í frumvarpinu er kveðið á um heimild stjórnvalda til útgáfu ferðagjafar, sem er stafræn inneign að andvirði 5.000 kr., til einstaklinga sem eru fæddir á árinu 2002 eða fyrr og hafa íslenska kennitölu.

Afstaða sambandsins

Að mati sambandsins er jákvætt að leitað sé leiða til að styðja við ferðaþjónustu á Íslandi sem hefur farið illa út úr COVID-19 faraldrinum. Með frumvarpinu er verið að hvetja til ferðalaga innanlands og mun gjöfin vonandi hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu um allt land.

Sambandið telur þó ástæðu til að gera athugasemdir við gildistíma ferðagjafarinnar en samkvæmt frumvarpinu er hægt að nýta gjöfina til og með 31. desember 2020. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp ferðaþjónustu á heilsársgrunni um allt land. Bæði til að dreifa ferðamönnum betur um landið og til að minnka árstíðarsveiflur. Í því sambandi hafa ákveðin landsvæði og ákveðnir ferðaþjónustuaðilar t.d. lagt áherslu á sérhæfða vetrarferðaþjónustu. Þessir aðilar hafa þegar misst út mikilvæga mánuði á þessu ári og þá er alls óvíst hversu mikið ferðaþjónustan verður búin að taka við sér á fyrri hluta næsta árs. Til að gæta jafnræðis milli bæði landshluta og ferðaþjónustuaðila leggur sambandið til að gildistími ferðagjafarinnar verði lengdur þannig að hún gildi til 31. maí 2021 en þá verður hægt að nýta hana í u.þ.b. ár hljóti frumvarpið samþykki á Alþingi. Að þessu virtu mælir sambandið með að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri